Alþingi
Erindi nr. Þ 133/876
komudagur 11.2.2007


**Ferðafélag Akureyrar**
**Strandgötu 23, 600 Akureyri**
**heimasíða: www.ffa.is**
**netfang: ffa@ffa.is**


10. febrúar 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

**Málefni: Umsögn Ferðafélags Akureyrar (FFA) um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 133. löggjafarþing 2006-2007, þskj. 65 – 65. mál.**

Ferðafélag Akureyrar þakkar Umhverfisnefnd Alþingis fyrir að gefa félaginu kost á að segja álit sitt á þessari þingsályktunartillögu.

Ferðafélag Akureyrar lýsir fullum stuðning við ofangreinda þingsályktunartillögu. Félagið er sammála því sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að Jökulsá á Fjöllum og umhverfi hennar er einstæð náttúrugersemi. Dettifoss hefur meira aðdráttarafl fyrir ferðafólk en flest annað á Norðurlandi. Mörgum ferðalöngum finnst einstakt að sjá eins öflugt jökulfjót og Jökulsá á Fjöllum renna fram ósnortið af mannshöndinni.

Ferðafélag Akureyrar styður heils hugar framkomna tillögu um að Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar verði friðlýst án tafar.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar Ferðafélags Akureyrar,

Ingvar Teitsson

Ingvar Teitsson
formaður FFA